

# GÆÐASTARF Í GRUNNSKÓLUM

**Viðmið og framkvæmd  
ytra mats grunnskóla**

**GÆÐASTARF Í GRUNNSKÓLUM**  
**Viðmið og framkvæmd ytra mats grunnskóla**  
ISBN 978-9979-0-2314-2

Ritstjóri: Þóra Björk Jónsdóttir  
Málfarsyfirlestur: Ingólfur Steinsson

2. útgáfa 2018  
endurskoðað janúar 2019  
© Menntamálastofnun  
Kópavogi

Hönnun og umbrot: Menntamálastofnun  
Efni birt á vef mms.is

## Efnisyfirlit

Inngangur . . . . .	5
Skipulag og framsetning viðmiða um gæðastarf í grunnskólum . . . . .	8
Framkvæmd ytra mats . . . . .	9
Stjórnun og fagleg forysta . . . . .	10
Samvirkni í stefnumótun . . . . .	10
Faglegt samstarf og samræða . . . . .	11
Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu . . . . .	12
Umbætur og innleiðing breytinga . . . . .	13
Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir . . . . .	14
VStarfsmannastjórnun og verkaskipting. . . . .	15
Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna . . . . .	16
Gátlisti – stjórnun og fagleg forysta . . . . .	17
Nám og kennsla . . . . .	19
Inntak og námskrá. . . . .	19
Árangur náms . . . . .	20
Visbendingar. . . . .	20
Gæði kennslu . . . . .	21
Skipulag náms . . . . .	22
Námsvitund . . . . .	23
Ábyrgð og þátttaka . . . . .	24
Svið III Innra mat . . . . .	25
Skipulag . . . . .	25
Framkvæmd . . . . .	26
Umbætur. . . . .	27
Gátlisti – innra mat . . . . .	28
Skólaprófill . . . . .	29
Heimildir. . . . .	30
Lög og reglugerðir . . . . .	30
Aðrar heimildir . . . . .	30



## Inngangur

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskólum er samkvæmt 35. grein laga um grunnskóla nr. 91/2008 að:

- veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda,
- tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla,
- auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum,
- tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.

Til að vinna að þessum markmiðum er í lögnum kveðið á um að hver grunnskóli eigi með kerfisbundnum hætti að meta gæði skólastarfs og birta upplýsingar um það opinberlega ásamt áætlun um umbætur. Sveitarfélög eiga að sinna ytra mati og eftirliti með gæðum skólastarfs og láta ráðuneyti í té upplýsingar um skólana. Þá eiga þau að fylgja því eftir að innra og ytra mat leiði til umbóta í skólastarfinu. Ytra mat er einnig hluti af upplýsingaöflun og eftirlitsskyldu mennta- og menningarmálaráðuneytis samkvæmt grunnskólalögnum. Verkaskipting ríkis og sveitarfélaga er ekki skilgreind frekar í lögnum.

Með ytra mati er unnið að öllum þessum markmiðum og lögð sérstök áhersla á að efla og styðja innra mat og gæðastjórnun skóla, styðja stjórnendur og kennara í umbótum á eigin starfi, hvetja kennara til að vinna saman að því að bæta eigin starfshætti og vera skólum hvati til frekari skólaþróunar.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga settu sameiginlega fram matslíkan fyrir ytra mat grunnskóla árið 2012. Matstæki þar sem fram kom m.a. hvernig framkvæmd matsins ætti að vera og skilgreind viðmið um gæði sem matið byggði á. Viðmiðin voru unnin af Birnu Sigurjónsdóttur, Björk Ólafsdóttur og Þóru Björk Jónsdóttur.

Til grundvallar matinu eru viðmið um gæði á þremur sviðum skólastarfs:

1. Stjórnun
2. Náms og kennsla
3. Innra mat

Viðmiðin sem matið styðst við eru byggð á lögum og reglugerðum um skólastarf og aðalnámskrá grunnskóla. Við móttun viðmiðanna voru áherslur og straumar í skólafélagum sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands einnig hafðir til hliðsjónar auk Sameiginlegrar framtíðarsýnar fyrir grunnskólastarfið 2007-2020. Litið var til viðmiða í ytra mati víða erlendis, s.s. frá Englandi, Skotlandi, Noregi, Svíþjóð, Þýskalandi og Kanada. Einnig var horft til viðmiða Reykjavíkurborgar í heildarmati á grunnskólum.

Viðmiðin voru fyrst notuð í tilraunaverkefni á vorönn 2012 en þá fór fram ytra mat í sex grunnskólum á landinu. Að verkefninu loknu voru viðmiðin og ferli matsins yfirfarin í ljósi þeirra ábendinga og athugasemda sem gerðar voru. Þessi viðmið voru notuð við ytra mat á 51 grunnskóla hjá Námsmatsstofnun og nú Menntamálastofnun frá 2013 til haustsins 2018.

Ákveðið var að fara í endurskoðun ytra mats haustið 2017. Menntamálastofnun hélt utan um þá vinnu. Settir voru saman þrjár hópar til að vinna að endurskoðun ytra mats grunnskóla. Endurskoðað var samstarf ríkis og sveitarfélaga um ytra mat grunnskóla, framkvæmd ytra mats og loks voru viðmið um gæði grunnskólastarfs endurskoðuð.

Við endurskoðun viðmiða var leitað til fulltrúa helstu hagsmunaaðila skólustarfs. Tilnefndir aðalmenn voru: Anna Kristín Sigurðardóttir, Háskóla Íslands, Guðbjörg Ragnarsdóttir, Félagi grunnskólakennara, Hrund Harðardóttir, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Sigrún Harpa Magnúsdóttir, Reykjavíkurborg og Sigurður Arnar Sigurðsson, Skólastjórafélagi Íslands. Verkefnisstjóri var Þóra Björk Jónsdóttir, Menntamálastofnun. Einnig unnu að endurskoðuninni og sátu einstaka fundi af hálfu Menntamálastofnunar þær Björk Ólafsdóttir og Hanna Hjartardóttir. Birna Sigurjónsdóttir vann einnig með matsmönnum MMS að endurskoðun.

Við endurskoðunarvinnuna voru ábendingar sem fram höfðu komið í *Ytra mat grunnskóla: Mat á þróunarverkefni 2013-2015*<sup>1</sup> hafðar til hliðsjónar.

Þegar lagt var upp með endurskoðun var horft til skýrslu OECD: *Synergies for Better Learning: An International Perspective on Evaluation and Assessment*<sup>2</sup> en þar er m.a. lögð áhersla á að:

*Ytra mat á skólum stuðli að auknum gæðum frekar en að uppfylla kröfur eftirlits. Áhersla verði á að ytra mat styðji við bættu kennslu, nám og árangur nemenda. Efla innra mat skóla sem grundvöll ytra mats.*

Í annarri OECD skýrslu frá 2016 er fjallað um stöðu og horfur í menntastefnu Íslands og kemur þar fram að ein af megináskorunum fyrir stefnumótun í menntamálum sé að þróa samræmdan ramma fyrir innra og ytra mat<sup>3</sup>.

Byggt á þessum ábendingum og því sem fram kom í rýnihópum voru vísbendingar og viðmið fyrir ytra mat endurskoðuð og haft í huga við þá endurskoðun að þau geti einnig nýst skólum við innra mat. Helstu ábendingar sem fram höfðu komið í *Ytra mat grunnskóla: Mat á þróunarverkefni 2013-2015* voru:

- Laga skörun og endurtekningar
- Sameina litlar vísbendingar til að jafna vægi
- Taka út vísbendingar sem ekki snúast um gæði
- Gera meira en lágmarksviðmið
- Endurskoða uppröðun viðmiða og kaflaskiptingu

Sérstaklega var haft í huga að í viðmiðum um stjórnun þyrfti að skilgreina betur hvað fælist í faglegu leiðtogahlutverki skólastjórans og auka vægi lærdómssamfélagsins<sup>4</sup>. Einnig var ákveðið að setja hluta viðmiða sem fjalla m.a. um að uppfylla lagaskyldur í gátlista.

Sérstaklega var haft í huga að í viðmiðum um nám og kennslu þyrfti að endurskoða og bæta viðmið um kennslustundir, auka kröfur um gæði kennslustunda. Lagt var til að bæta inn hvort skólinn væri með stefnu og markmið um kennsluhætti og hvort kennsluhættir endurspegli þau markmið. Gera kröfur um árangur allra nemenda og að fylgst sé markvisst með í skólanum að nemendur nái árangri.

1 Björk Ólafsdóttir (2016). *Ytra mat grunnskóla: Mat á þróunarverkefni 2013-2015*.

2 OECD (2013). *Synergies for Better Learning. An international perspective on evaluation and assessment*.

3 OECD (2016). *Education policy outlook: Iceland*.

4 Lærdómssamfélag er hópur fólks sem deilir sameiginlegum áhuga og sýn á nám, vinnur saman, styður hvert annað og leitar sameiginlegra leiða til að greina starfshætti sína, bæta þá og innleiða nýja sem geta stuðlað að betri árangri nemenda. Í því tilliti er leitað fanga innan og utan skólans. (Anna Kristín Sigurðardóttir, 2013, bls. 47-49.)

Sérstaklega var haft í huga að í viðmiðum um innra mat þyrfti að fækka flokkum og setja viðmið sem við á í gátlista. Við vinnuna var stuðst við ýmis gögn um ytra mat frá nágrannabjóðum. Sérstaklega var horft til Íra sem nýlega hafa endurskoðað viðmið fyrir ytra og innra mat.

Þegar endurskoðunarhópurinn hafði sett niður drög unnu matsmenn Menntamálastofnunar áfram með viðmiðin og hluti starfshópsins kom að lokayfirferð þeirra. Loks var allt samlesið og farið yfir og þess gætt að sleppa engum vísbendingum sem hafa komið út sem umbótapörf í mati á þeim nærri 50 skólum sem metnir hafa verið.

Eftir endurskoðun eru enn þrír meginþættir í matinu: stjórnun og fagleg forysta, nám og kennsla og innra mat. Köflum hefur fækkað og eru nú 16 í stað 23.


Eftirfarandi aðilar fengu viðmiðin til umsagnar:

Umboðsmaður barna, menntavísindasvið og rannsóknarstofa um þróun skólastarfs HÍ, Miðstöð skólaþróunar og hug- og félagsvísindasvið Háskólans á Akureyri, Samfok, Heimili og skóli, skólamálanefndir FG og SÍ, stýrihópur ytra mats á grunnskólum, skólamálanefnd sambandsins, Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar, höfundar fyrri viðmiða (Birna Sigurjónsdóttir og Björk Ólafsdóttir) og starfandi matsmaður Hanna Hjartardóttir). Sex aðilar skiluðu athugasemdum.

Kópavogi 18.7. 2018.

*Þóra Björk Jónsdóttir ritstjóri*

## Skipulag og framsetning viðmiða um gæðastarf í grunnskólum



Þáttur	Kaflar
Stjórnun og fagleg forysta	<ol style="list-style-type: none"> <li>1. Samvirkni í stefnumótun</li> <li>2. Faglegt samstarf og samræða</li> <li>3. Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu</li> <li>4. Umbætur og innleiðing breytinga</li> <li>5. Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir</li> <li>6. Starfsmannastjórnun og verkaskipting</li> <li>7. Leiðtogahæfni stórnenda og starfsmanna</li> </ol>
Nám og kennsla	<ol style="list-style-type: none"> <li>1. Inntak og námskrá</li> <li>2. Árangur náms</li> <li>3. Gæði kennslu</li> <li>4. Skipulag náms</li> <li>5. Námsvitund</li> <li>6. Ábyrgð og þátttaka</li> </ol>
Innra mat	<ol style="list-style-type: none"> <li>1. Skipulag</li> <li>2. Framkvæmd</li> <li>3. Umbætur</li> </ol>

Þáttur og kaflar eru skipulagseiningar. Hver kaflar á sér orðuð viðmið sem lýsa eftirsóttu gæðastarfi (getur verið í nokkrum málsgreinum) og viðmiðin eru metin með mismörgum vísbendingum sem þurfa að ná yfir allt sem talið er lýsa gæðum í hverju viðmiði.




## Framkvæmd ytra mats

Menntamálastofnun velur grunnskóla þar sem ytra mat fer fram á komandi skólaári samkvæmt vinnureglum sem hún setur um valið. Sveitarstjóri/bæjarstjóri fær boðunarbréf með upplýsingum um ytra matið með um tveggja mánaða fyrirvara. Afrit fer til skólastjóra, fræðslustjóra og formanns skólafundar. Sveitarstjórn og skóli hafa val um fjórða matsþátt innan ákveðins ramma.

Tveggja manna matsteymi metur að jafnaði hvern skóla. Fyrir vettvangsheimsókn fara matsmenn yfir ýmis gögn um skólann. Vettvangsheimsókn nær yfir þrjá til fimm daga, eftir skólastærð. Farið er í vettvangsathuganir í kennslustundum til að minnsta kosti 70% kennara í fjölbreyttum námsgreinum. Tekin eru rýnihópaviðtöl við nemendur, foreldra, kennara, annað starfsfólk, skólaráð og stjórnendur, aðra en skólastjóra. Sérstakt viðtal er tekið við skólastjóra. Matsmenn velja fulltrúa í hópa með slembiúrtaki. Tengiliður í skóla aðstoðar við skipulagningu fyrir og á meðan á vettvangsheimsókn stendur.

Að skólaheimsókn lokinni er úrvinnsla og skýrslugerð. Matsmenn fara einstaklingslega yfir þau gögn sem aflað er fyrirfram en að lokinni skólaheimsókn vinna þeir saman að úrvinnslu gagna og komast að sameiginlegum niðurstöðum varðandi þá þætti sem metnir eru. Sameiginlega skrifa þeir matskýrslu. Matsferlinu lýkur með skýrsluskilum og skóli fær glærुकynningu þar sem helstu niðurstöður eru kynntar. Sú kynning er einnig send til sveitarfélags og skólaskrifstofu, ásamt skýrslu. Sveitarfélag/skóli þarf að bregðast við með skriflegu svari innan sex vikna en þá verður skýrslan gerð opinber ásamt viðbrögðum/umbótaáætlun sveitarfélags/skóla.



## Stjórnun og fagleg forysta

Þáttur Stjórnun og fagleg forysta	
Kafli 1	Viðmið
<b>Samvirkni í stefnumótun</b>	Stjórnendur stuðla að því að unnið sé samkvæmt menntastefnu og markmiðum sem birtast í aðalnámskrá, skólastefnu sveitarfélagsins og skólanámskrá. Þeir hafa forystu um að mótuð sé sýn og stefna skólans. Sýn skólans endurspeglar áherslu á rétt allra nemenda til náms á eigin forsendum. Námskrá skólans er opinber og uppfærð reglulega með öllum aðilum skólasamfélagsins. Þeir stuðla að samhljómi meðal kennara, starfsmanna, nemenda og foreldra um stefnu og starfshætti. Stjórnendur virkja alla aðila til samstarfs um að hrinda stefnunni í framkvæmd, kynna stefnuna og tala fyrir henni innan og utan skólans. Stjórnendur vinna með skólayfirvöldum í sveitarfélaginu að stefnumótun og ákvarðanatöku. Stjórnendur sjá til þess að stefnan skili sér í daglegt starf með nemendum.
Visbendingar	
<ol style="list-style-type: none"> <li>Skólanámskrá skólans er opinber og uppfyllir viðmið aðalnámskrár.</li> <li>Starfsáætlun er samkvæmt viðmiðum aðalnámskrár og birt á heimsíðu skólans.</li> <li>Stefna skólans er sýnileg í starfsháttum og rædd meðal allra starfsmanna.</li> <li>Stefna sveitarfélags er sýnileg í stefnu og starfi skólans.</li> <li>Stefna aðalnámskrár er sýnileg í stefnu og störfum skólans.</li> <li>Sérstöðu skólans er haldið á lofti í skólastarfi.</li> <li>Samráð er haft við hagsmunaaðila skólasamfélagsins við stefnumótun.</li> <li>Í daglegu tali og fréttáflutningi leggja stjórnendur áherslu á það jákvæða í skólastarfi.</li> <li>Foreldrum og nemendum er markvisst kynnt sýn og stefna skólans.</li> <li>Stefnan er endurskoðuð reglulega með það að markmiði að efla starf skólans.</li> <li>Stjórnendur eiga aðkomu að stefnumótun og ákvarðanatöku um skólamál í sveitarfélaginu.</li> <li>Í áætlunum um nám og kennslu er gerð grein fyrir hvernig unnið er með stefnu skólans.</li> </ol>	

5 Lærdómssmenning byggir á lærdómssamfélagi sem er hópur fólks sem deilir sameiginlegum áhuga og sýn á nám, vinnur saman, styður hvert annað og leitar sameiginlegra leiða til að greina starfshætti sína, bæta þá og innleiða nýja sem geta stuðlað að betri árangri nemenda. Í því tilliti er leitað fanga innan og utan skólans. (Anna Kristín Sigurðardóttir, 2013, bls. 47-49.)

6 Í aðalnámskrá, bls 67. er rætt um símenntunaráætlun. Í viðmiðum eru hugtökin símenntunaráætlun og starfs-  
þróunaráætlun lögð að jöfnu.

<b>Páttur Stjórnun og fagleg forysta</b>	
<b>Kafli 2</b>	<b>Viðmið</b>
<b>Faglegt samstarf og samræða</b>	Stjórnendur skólans hafa miklar væntingar til náms nemenda og hvetja kennara til að vera stöðugt að þróa kennsluhætti sína og bæta gæði náms fyrir alla nemendur. Þeir vinna markvisst að því að innleiða og viðhalda lærdómsmenningu <sup>5</sup> í skólasamfélaginu. Stjórnendur hvetja til faglegs samstarfs og samræðu um nám og kennslu og skipulag auðveldar slíkt samstarf. Stjórnendur hvetja kennara til að rannsaka og rýna saman í árangur aðgerða í kennslu með hliðsjón af gögnum um framfarir nemenda. Stjórnendur stuðla að markvissri starfsþróun kennara, bæði formlega og óformlega og sjá til þess að þeir hafi tækifæri til að taka þátt í samstarfsverkefnum út fyrir skólann.
<b>Visbendingar</b>	
<ol style="list-style-type: none"> <li>1. Stjórnendur skapa svigrúm fyrir sameiginlega starfsþróun starfsmanna innan og utan skólans.</li> <li>2. Stjórnendur hafa forystu um að starfsmenn kynni sér nýja þekkingu um faglegt skólastarf.</li> <li>3. Ígrundun og gagnrýnin samræða um starfshætti fer fram reglulega meðal starfsmanna.</li> <li>4. Með reglubundnum hætti gera kennarar stjórnendum grein fyrir á hvern hátt þeir auka gæði náms og kennslu.</li> <li>5. Reglulega eru faglegir samstarfsfundir þar sem árangur og aðferðir eru ræddar.</li> <li>6. Stjórnendur fylgjast með og sjá um að niðurstöður ytra gæðamats s.s. varðandi framfarir nemenda og líðan þeirra séu nýttar til að efla starf skólans.</li> <li>7. Kennarar fá ráðgjöf og leiðbeiningar til að nýta niðurstöður og gögn.</li> <li>8. Stjórnendur sjá um að niðurstöður séu skráðar og aðgengilegar viðeigandi aðilum.</li> <li>9. Starfsmenn finna að litið er á starfsmannahópinn sem liðsheild þar sem hver og einn er mikilvægur.</li> <li>10. Lýðræðisleg vinnubrögð einkenna samstarfið í skólanum.</li> <li>11. Símenntunaráætlun/starfsþróunaráætlun<sup>6</sup> sem byggir á stefnu skólans nær til allra starfsmanna.</li> <li>12. Innan símenntunaráætlunar rúmast einstaklingsbundnar forsendur til starfsþróunar.</li> <li>13. Stjórnendur eru virkir í að deila upplýsingum um tækifæri til starfsþróunar.</li> </ol>	

<b>Þáttur Stjórnun og fagleg forysta</b>	
<b>Kafli 3</b>	<b>Viðmið</b>
<b>Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu</b>	Stjórnendur byggja upp jákvæð tengsl við foreldrasamfélagið, formleg og óformleg. Samskipti við foreldra beinast að því að styrkja nám og vellíðan nemenda í skólanum. Stjórnendur vinna að því að skapa skólanum jákvæða ímynd í samfélaginu. Stjórnendur hlusta eftir röddum grenndarsamfélagsins og leitast við að auka áhrif þeirra í stefnumótun og ákvarðanatöku. Skólastjóri stýrir starfi skólaráðs og stuðlar að virkri þátttöku þess í stefnumótun skólans. Foreldrar taka virkan þátt í að byggja upp gott skólastarf og skapa jákvæðan skólabrag. Markviss samskipti eru við önnur skólastig, frístundastarf og grenndarsamfélag.
<b>Visbendingar</b>	
<ol style="list-style-type: none"> <li>1. Samskipti við foreldrafélag og foreldra eru góð og gagnvirk.</li> <li>2. Litið er á foreldra sem mikilvæga þátttakendur í ákvarðanatöku um þróun og skipulag skólastarfs.</li> <li>3. Leitað er eftir sýn og hugmyndum foreldra til að efla skólastarf.</li> <li>4. Formlegar samskiptaleiðir við foreldra eru skráðar í starfsáætlun eða skólanámskrá.</li> <li>5. Stjórnendur efna reglulega til formlegra og óformlegra funda með foreldrum.</li> <li>6. Skólastjóri kynnir foreldrum sameiginlega ábyrgð á jákvæðum skólabrag sbr. reglugerð.</li> <li>7. Foreldrum er markvisst kynnt stoðþjónusta skólans og sveitarfélagsins.</li> <li>8. Upplýsingar um skólastarfið berast til allra í skólasamfélaginu.</li> <li>9. Lögð er rækt við að segja frá jákvæðum viðburðum eða fréttum.</li> <li>10. Skráð er á hvern hátt samstarf við önnur skólastig eru.</li> <li>11. Samskipti við grenndarsamfélagið eru markviss, m.a. um verkefni nemenda, svo sem starfsnám og heimsóknir.</li> <li>12. Séð er til þess að fulltrúar grenndarsamfélagsins séu virkir þátttakendur í skólaráði og á öðrum þeim vettvangi sem býðst (umhverfisráð grænfána, umsögn um ákvarðanir ...).</li> <li>13. Skólaráð fundar reglulega og tekur virkan þátt í stefnumótun skólans.</li> <li>14. Reglulega eru haldnir fundir með forstöðumönnum frístundastarfs.</li> <li>15. Samráð er um nýtingu frístundaheimilis og/eða félagsmiðstöðvar á húsnæði grunnskólans, þegar við á.</li> </ol>	

<b>Þáttur Stjórnun og fagleg forysta</b>	
<b>Kafli 4</b>	<b>Viðmið</b>
<b>Umbætur og innleiðing breytinga</b>	Mat á árangri og störfum er stöðugt í gangi sem hluti af daglegu starfi stjórnenda, niðurstöður þess eru nýttar sem grundvöllur umbótastarfs og til að meta ferli og árangur starfsins. Stjórnendur miðla reglulega niðurstöðum mats og mælinga um árangur skólastarfsins og sjá til þess að kennarar hafi tíma og aðstæður til að rýna í þær niðurstöður og eiga samræður um þróun og umbætur starfsins. Þróunar- og/eða umbótaáætlun skólans byggir á stefnu skólans, sveitarfélagsins og fræðsluyfirvalda, svo og upplýsingum úr innra og/eða ytra mati á starfinu. Stjórnendur skólans stýra innleiðingu umbótaverkefna af þekkingu og skilningi á breytingaferli. Stjórnendur tryggja starfsfólki viðeigandi starfsþróun í tengslum við áherslur í umbótaáætlun.
<b>Visbendingar</b>	
<ol style="list-style-type: none"> <li>Niðurstöður mats og mælinga eru markvisst nýttar til umbóta.</li> <li>Til er skráð verklag hvernig gögn um árangur og líðan s.s. kannanir og skimanir eru nýtt í skipulag kennslu til að efla árangur nemenda.</li> <li>Til er skráð ferli, verklag við að koma upplýsingum um árangur í skólastarfi til foreldra, nemenda og annarra hagsmunaaðila.</li> <li>Skólastjórnendur geta útskýrt áherslur sínar og markmið með breytingaferli.</li> <li>Stjórnendur eiga aðkomu að umbótaverkefnum, s.s. með því að sitja fundi.</li> <li>Séð er til þess að starfsmenn fái ráðgjöf og stuðning við þróunarvinnu.</li> <li>Framgangur þróunarvinnu er skráður reglulega með uppfærðum upplýsingum um verkefni sem unnið er að.</li> <li>Í Símenntunaráætlun er þess gætt að skráð sé og gert ráð fyrir þeirri starfsþróun sem umbóta-verkefnið krefst.</li> </ol>	

- Í aðalnámskrá, bls. 66 er rætt um áætlanir skólans um umbætur og þróunarstarf. Í viðmiðum eru þessar áætlanir einu nafni nefndar umbótaáætlun og nær bæði til áætlunar um aðgerðir í framhaldi af innra mati og áætlunar um skólaþróun sem sprottin er frá öðrum grunni.
- Gögn um árangur á samræmdum könnunarprófum, niðurstöður lesferilsmælinga og annarra mælinga sem skólinn tekur þátt í eða stendur sjálfur að s.s. Talnalykill, Skólapúlsinn. Einnig kannanir sem sveitarfélagið stendur að s.s. starfsmannakönnun.

<b>Þáttur Stjórnun og fagleg forysta</b>	
<b>Kafli 5</b>	<b>Viðmið</b>
<b>Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir</b>	Helstu upplýsingar um skólastarfið eru aðgengilegar á heimasíðu. Sátt er í skólasamfélaginu um stjórn skólans og störf stjórnenda farsæl. Daglegt starf er vel skipulagt og ágreiningur, ef upp kemur, leystur. Skólastjórnendur vinna með sveitarfélaginu að því að skapa heilbriggt og öruggt umhverfi í skólanum. Stjórnendur sjá til þess að verklag og áherslur séu í samræmi við lög og reglur þar um. Gætt er að góðri skjalastjórnun, vörslu persónuupplýsinga og upplýsingagjöf um nemendur. Skólastjóri tryggir að sjónarmið nemenda nái fram og að á þá sé hlustað í nefndum og ráðum.
<b>Visbendingar</b>	
<ol style="list-style-type: none"> <li>1. Heimasíðan er virk og inniheldur réttar og hagnýtar upplýsingar.</li> <li>2. Reglulegar kannanir meðal nemenda, foreldra og starfsmanna sýna jákvætt viðhorf til stjórnenda.</li> <li>3. Starfsfólk er sátt við hvernig daglegt starf er skipulagt.</li> <li>4. Stjórnendur sjá um að ferli um samskipti og lausn ágreiningsmála séu skýr og virk.</li> <li>5. Hagsmunaaðilar skólasamfélagsins (fulltrúar nemenda, foreldra, starfsmanna) koma að endurskoðun skólareglna.</li> <li>6. Fylgst er með því að aðbúnaður skóla sé öruggur.</li> <li>7. Nemendum eru kynnt öryggismál, þar með talið netöryggi.</li> <li>8. Starfsmönnum og öllum verktökum sem að skólastarfinu koma eru reglulega kynnt lög um persónuvernd og trúnað.</li> <li>9. Skráð er hvar nemendur eiga aðkomu í nefndum og ráðum.</li> <li>10. Nemendum er kynnt hvar þeirra fulltrúar taka þátt og hverjir þeir eru.</li> </ol>	

<b>Páttur Stjórnun og fagleg forysta</b>	
<b>Kafli 6</b>	<b>Viðmið</b>
<b>Starfsmannastjórnun og verkaskipting</b>	<p>Stjórnendur vinna markvisst að því að stuðla að jákvæðum samskiptum og gagnkvæmu trausti meðal allra aðila í skólasamfélaginu. Stjórnendur skólans skipta með sér verkum þannig að sérþekking þeirra og reynsla nýtist skóla-starfinu sem best. Stjórnendur leitast við að menntun og sérhæfing kennara nýtist í störfum þeirra til að tryggja sem best gæði náms og kennslu.</p> <p>Stjórnendur gæta hagsmuna starfsfólks, benda starfsmönnum á réttindi sín jafnt og skyldur og veita markvissa endurgjöf á störf.</p>
<b>Visbendingar</b>	
<ol style="list-style-type: none"> <li>1. Við stjórnun er lögð áhersla á verklag sem leiðir til jákvæðra samskipta.</li> <li>2. Verkaskipting stjórnenda er skráð og öllum ljós.</li> <li>3. Stjórnendur funda reglulega og miðla upplýsingum sín á milli.</li> <li>4. Kennslu er skipað niður með tilliti til menntunar og sérhæfingar kennara eins og mögulega verður við komið.</li> <li>5. Stjórnendur fylgjast reglulega með námi og kennslu og veita endurgjöf.</li> <li>6. Nýir starfsmenn og nýútskrifaðir kennarar fá sérstakan stuðning og tengilið innan starfshópsins.</li> <li>7. Stjórnendur fylgjast reglulega með störfum starfsmanna og veita þeim endurgjöf á störf sín.</li> <li>8. Starfsmönnum er hrósað þegar við á.</li> <li>9. Réttindi og skyldur starfsmanna eru skráðar og kynntar viðkomandi.</li> <li>10. Starfsþróunarsamtöl fara fram minnst einu sinni á ári.</li> <li>11. Stjórnendur eru vakandi um samskipti og hafa frumkvæði að lausn ágreiningsmála.</li> </ol>	

<b>Þáttur Stjórnun og fagleg forysta</b>	
<b>Kafli 7</b>	<b>Viðmið</b>
<b>Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna</b>	<p>Skólastjóri leitast við að styrkja eigin þekkingu og efla leiðtogahæfni stjórnenda og annarra í skólanum. Stjórnendur dreifa ábyrgð og gefa starfshópum skýr skilaboð um umboð og ábyrgð.</p> <p>Markvisst er leitast við að styrkja leiðtogahæfni starfsmanna skólans og fela fjölbreyttum hópi ábyrgð og umboð til að leiða verkefni. Í skólanum ríkir sú menning að mikilvægt sé að huga að heilsu stjórnenda jafnt sem annarra starfsmanna.</p>
<b>Visbendingar</b>	
<ol style="list-style-type: none"> <li>1. Stjórnendur sækja sér reglulega endurmenntun sem eflir þá í starfi og sem faglega leiðtoga.</li> <li>2. Skólastjóri hvetur aðra stjórnendur til starfsþróunar.</li> <li>3. Mannauður er vel nýttur og leiðtogar innan skólans leiða og bera ábyrgð á verkefnum sem snúa að skólastarfinu.</li> <li>4. Starfsfólki finnst það njóta trausts og hafa möguleika á að bera ábyrgð á verkefnum.</li> <li>5. Verkefni og ábyrgðaraðilar þeirra eru skráðir og allir upplýstir þar um.</li> <li>6. Séð er til þess að upplýsingar um verkefni sem unnið er að séu jafnan uppfærðar og réttar.</li> <li>7. Stjórnendur og kennarar eru hvattir til að sækja sér faglega handleiðslu.</li> <li>8. Stjórnendur hvetja starfsmenn til að huga að heilsu sinni og veita svigrúm til þess.</li> </ol>	



## Gátlisti – stjórnun og fagleg forysta

	<b>Stefnumótun</b>	Já – nei
1.	Skólanámskrá, þ.m.t. námsvísar/bekkjjar-/árganganámskrár <sup>9</sup> , er birt á heimasíðu skólans.	
2.	Starfsáætlun er birt á annan aðgengilegan hátt.	
3.	Áætlanir um nám og kennslu sem ná til skólaárs eða annar eru skráðar og birtast í skólanámskrá.	
4.	Stefna skólans er skýrt fram sett og birtist á heimasíðu skólans.	
5.	Skólinn hefur mótað einkunnarorð/gildi skólastarfsins.	
6.	Í stefnu skólans kemur skýrt fram að lýðræðisleg vinnubrögð séu viðhöfð í öllum þáttum skólastarfs.	
7.	Í skólanámskrá kemur fram hvað felst í jákvæðum skólabrag.	
8.	Í skólanámskrá er sett fram stefna skólans og markmið með kennsluháttum.	
9.	Skólanámskrá er skýrt fram sett, birt opinberlega og aðgengileg.	
10.	Starfsáætlun er uppfærð árlega.	

	<b>Stjórnskipulag</b>	Já – nei
11.	Skipurit liggur fyrir og það endurspeglar gildandi fyrirkomulag stjórnunar í skólanum.	
12.	Starfslýsingar stjórnenda og annarra starfsmanna liggja fyrir.	
13.	Skólastjóri hefur yfirlit yfir menntun og sérhæfningu starfsmanna sem og sí- og endurmenntun þeirra.	
14.	Niðurstöður starfspróunarsamtala eru skráðar.	
15.	Allir sem koma að skólastarfi, þar með talið verktakar undirrita skjal um trúnað og þagnarskyldu.	
16.	Skólaráð er starfandi.	
17.	Fulltrúar í skólaráði eru valdir lýðræðislega af sínu baklandi.	
18.	Skólaráðsfulltrúar sitja til minnst tveggja ára.	
19.	Skólinn nýtur stoðþjónustu í samræmi við reglugerð.	

	<b>Starfstími</b>	Já – nei
20.	Skóladagar eru minnst 180	
21.	Minnst 170 kennsludagar	
22.	Vikulegar kennslustundir:	
23.	• 1.-4. bekkur 30 x 40 mínútna kennslustund = 1200 mínútur.	
24.	• 5.-7. bekkur 35 x 40 mínútna kennslustund = 1400 mínútur.	
25.	• 8.-10. bekkur 37 x 40 mínútna kennslustund = 1480 mínútur.	
26.	Stundaskrá samfelld með eðlilegum hléum.	
27.	Samkvæmt stundaskráum eru allar námsgreinar kenndar í samræmi við ákvæði viðmiðunarstundaskrár.	

9 Í aðalnámskrá eru þessi hugtök ekki notuð. Þar er kveðið á um að í skólanámskrá séu markmið náms sett fram og í starfsáætlun skal birta upplýsingar um tilhögun kennslu s.s. kennsluáætlanir. Í þessu skjali verður heildaráætlun um nám nefnd námsvísir. Þegar vísað er til annaáætlana einstakra árganga eða bekkja er um árganga- eða bekkjarnámskrá að ræða og kennsluáætlanir eiga við nánari áætlun kennara um tilhögun náms og kennslu sem sett er fram til skemmri tíma.

28.	Tímabundin athugun. Tími list- og verkgreina er samkvæmt viðmiðunarstundaskrá.	
29.	Val nemenda 8.-10. bekkjar í um fimmtungi námstímans.	
30.	Stundaskrá gerir ráð fyrir að nemendur hafi tíma til að komast í og úr íþróttum .	

	Áætlanir og stefnur	Já – nei
31.	Móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn liggur fyrir.	
32.	Jafnréttisáætlun sem nær til nemenda og starfsmanna liggur fyrir.	
33.	Jafnréttisáætlunin miðar að því að jafna stöðu kynjanna á vinnustaðnum.	
34.	Verklagsreglur hafa verið gerðar um meðferð ágreinings- og eineltismála í starfsmanna-hópnum.	
35.	Sett er upp fundaráætlun fyrir skólaárið/önnina sem nær til alls starfsfólks.	
36.	Samskipti við önnur skólastig, tónlistarskóla og grenndarsamfélagið eru regluleg og skráð.	
37.	Símenntunaráætlun er skráð og opinber.	
38.	Skólareglur liggja fyrir.	
39.	Skólareglur og viðbrögð við agabrotum eru í samræmi við ákvæði í reglugerð.	
40.	Forvarnaráætlanir hafa verið gerðar.	
41.	Verklagsreglur og viðbrögð við einelti bæði meðal nemenda og starfsmanna liggja fyrir.	
42.	Áætlun um sérkennslu/stuðning hefur verið gerð <sup>6</sup> .	
43.	Gerð er áætlun um kannanir og skimanir um námsárangur og líðan sem lagðar eru fyrir nemendur.	
44.	Námsaðlögun byggir á könnunum og skimunum. (Þannig að allir nemendur fái ögrandi verkefni.)	
45.	Skráð er hvernig bregðast eigi við niðurstöðum skimana og mats.	
46.	Móttökuáætlun fyrir nýja nemendur liggur fyrir.	
47.	Móttökuáætlanir eru gerðar fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku.	
48.	Móttökuáætlanir eru gerðar fyrir nemendur með sérstakar þarfir.	
49.	Skólaráð hefur sett sér starfsáætlun og vinnureglur.	
50.	Fundargerðir skólaráðs eru aðgengilegar á heimasíðu skólans.	
51.	Foreldrafélag er starfandi við skólann.	
52.	Mótuð hefur verið stefna um heimanám.	

10 Í grunnskólum skal árlega vinna áætlun um stuðning í námi og kennslu í samræmi við metnar sérþarfir nemenda. Skólastjóri ber ábyrgð á að áætlunin sé samin og felur umsjónarkennara, sérkennara eða öðrum fagaðila það verkefni í samvinnu við nemendaverndarráð. Áætlunin skal taka til heildarskipulags náms og stuðnings við nemendur með sérþarfir. Ennfremur skal áætlunin taka til annarrar þjónustu við nemendur með fötlun. Áætlunin skal grundvölluð á upplýsingum um heildaraðstæður nemenda og mati á stöðu þeirra í námi. (Reglugerð um stuðning við nemendur með sérþarfir í grunnskóla, 585/2010.)

## Nám og kennsla

Þáttur Nám og kennsla	
Kafli 1	Viðmið
Inntak og námskrá	Menntastefna stjórnvalda <sup>11</sup> endurspeglast í skipulagi og störfum allra. Borin er virðing fyrir fjölbreytileika og mismunandi þörfum, hæfileikum og ein-kennum nemenda. Sérhver nemandi fær nám og kennslu í samræmi við ákvæði laga og áherslur aðalnámskrár. Verkefni, viðfangsefni og úrræði veita nægjanlegan stuðning og eru hæfilega krefjandi til að gera öllum nemendum kleift að ná hámarks námsárangri. Námsvísar, bekkjarnámskrár eða áætlanir um nám árganga <sup>12</sup> eða einstaklinga innihalda markmið og viðmið um hæfni með stigvaxandi kröfum og samfellu í námi nemenda. Markmið náms eru sýnileg, kynnt og aðgengileg nemendum og foreldrum.
Visbendingar	
<ol style="list-style-type: none"> <li>1. Í skólanámskrá er lögð áhersla á áherslur stjórnvalda, með tilgreindum leiðum til að mæta þeim.</li> <li>2. Námsvísar og áætlanir endurspeglar þessar áherslur, svo sem um eflingu læsis, skóla án aðgreiningar og sérstakar áherslur sveitarfélags.</li> <li>3. Grunnþáttum menntunar er gerð skil í námsvísunum og áætlunum um nám.</li> <li>4. Í námsvísunum kemur fram hvernig unnið er að því að efla lykilhæfni allra nemenda.</li> <li>5. Námsvísar og markmið náms eru greinargóð og byggja á aðalnámskrá.</li> <li>6. Fram kemur í námsvísunum og áætlunum um kennslu hvernig námsaðlögun er háttað í hverri námsgrein eða viðfangsefni.</li> <li>7. Í áætlun um sérstakan stuðning við nemendur kemur fram hvernig tilhögun og framkvæmd stuðnings er hverju sinni.</li> <li>8. Sérstakur stuðningur við einstaka nemendur fer að jafnaði fram innan námsumhverfis bekkjarins.</li> <li>9. Stuðningur við einstaka nemendur er skipulagður með rökstuddri einstaklingsnámskrá innan ramma bekkjarnámskrár.</li> <li>10. Stuðningur er fjölbreyttur og tekur til allra þátta í skólastarfinu.</li> <li>11. Námsvísar/bekkjar- eða árganganámskrár eru kynntar nemendum og foreldrum og þeir hvattir til að nýta sér þær.</li> </ol>	

11 Menntastefna stjórnvalda eins og hún birtist í lögum, aðalnámskrá, reglugerðum og stefnu sveitarfélaga.

12 Í aðalnámskrá eru þessi hugtök ekki notuð. Þar er kveðið á um að í skólanámskrá séu markmið náms sett fram og í starfsáætlun skal birta upplýsingar um tilhögun kennslu s.s. kennsluáætlanir. (Aðalnámskrá bls. 66 og 67.) Í þessu skjali verður heildaráætlun um nám nefnd námsvísir. Þegar vísað er til annaáætlana einstakra árganga eða bekkja er um árganga- eða bekkjarnámskrá að ræða og kennsluáætlanir eiga við nánari áætlun kennara um tilhögun náms og kennslu sem sett er fram til skemmri tíma.

<b>Þáttur Nám og kennsla</b>	
<b>Kafli 2</b>	<b>Viðmið</b>
<b>Árangur náms</b>	Kennslan byggir á þeirri stefnu að allir nemendur geti tekið framförum með viðeigandi náms- og kennsluaðferðum. Nemendur gera ráð fyrir að ná árangri í námi. Allir nemendur sýna framfarir í námi. Markvisst er fylgst með árangri nemenda og nemendahópa og brugðist við þörfum með það að markmiði að viðhalda góðum árangri og bæta hann enn frekar. Nemendur sýna þá náms- og lykilhæfni sem stefnt er að samkvæmt aðalnámskrá.
<b>Visbendingar</b>	
<ol style="list-style-type: none"> <li>1. Reglulega er fylgst með árangri allra nemenda og hann skráður.</li> <li>2. Unnið er úr og með niðurstöður námsmats og annars mats á árangri til að auka framfarir nemenda.</li> <li>3. Skólinn viðheldur eða bætir stöðu sína í námi nemenda.</li> <li>4. Skólinn viðheldur eða bætir stöðu sína í samskiptum og líðan nemenda.</li> <li>5. Gerð er grein fyrir viðmiðum um námsmat og matskvörðum í skólanámskrá.</li> <li>6. Viðmið um árangur sem tengjast námsgreinum og lykilhæfni eru skráð og öllum aðgengileg.</li> <li>7. Framfarir hvers nemanda m.a. samkvæmt könnunum og skimunum eru skráðar.</li> <li>8. Sett er fram stefna um aðgerðir til að auka árangur nemenda.</li> <li>9. Kennarar rýna sameiginlega í niðurstöður námsmats og gera áætlun um nám nemenda.</li> </ol>	

13 Þar sem það liggur fyrir, svo sem á samræmdum könnunarprófum og öðrum stöðluðum athugunum.

<b>Þáttur Nám og kennsla</b>	
<b>Kafli 3</b>	<b>Viðmið</b>
<b>Gæði kennslu</b>	Störf kennara endurspegla stefnu og markmið skólans um kennsluhætti. Kennarar sýna fagmennsku við kennslu og bekkjarstjórn. Viðfangsefni og kennslustundir eru vel skipulagðar og tími nemenda vel nýttur. Kennsluhættir eru fjölbreyttir og sniðnir að eðli námssviða, markmiðum náms og margbreytilegum þörfum allra nemenda. Námsmatsaðferðir eru fjölbreyttar og markvisst er fylgst með framförum sérhvers nemanda, m.a. með leiðsagnarmati sem byggist á markmiðum og viðmiðum um árangur. Í skipulagi kennara kemur fram hvernig námsaðlögun er háttáð.
<b>Visbendingar</b>	
<ol style="list-style-type: none"> <li>1. Stefna skólans um kennsluhætti er sýnileg í vettvangsathugunum.</li> <li>2. Kennslufræðileg hæfni kennara er sýnileg í vettvangsathugunum.</li> <li>3. Fjölbreyttir kennsluhættir sjást í vettvangsathugunum.</li> <li>4. Skipulag kennslu og verkefna er gott og námstími nemenda vel nýttur.</li> <li>5. Markmið kennslu og verkefna eru skráð í kennsluáætlunum.</li> <li>6. Í áætlunum er gerð grein fyrir tengslum markmiða kennslu við aðalnámsskrá..</li> <li>7. Nemendum er gerð grein fyrir markmiðum kennslustunda og verkefna.</li> <li>8. Nemendur fást við krefjandi viðfangsefni í samræmi við námsmarkmið hvers og eins.</li> <li>9. Námsmat tengist markmiðum náms og hæfniviðmiðum.</li> <li>10. Námsmat er fjölbreytt og tekur mið af kennsluháttum.</li> <li>11. Í kennsluáætlunum sést hvernig tilhögun námsaðlögunar er háttáð.</li> <li>12. Í einstaklingsnámskrám sést hvernig tilhögun stuðnings einstakra nemenda er háttáð.</li> <li>13. Í kennsluáætlunum kennara sést að kennsla tekur mið af mati á stöðu nemenda.</li> <li>14. Séð er til þess að bráðgerir nemendur fái námstækifæri við hæfi.</li> </ol>	

<b>Þáttur Nám og kennsla</b>	
<b>Kafli 4</b>	<b>Viðmið</b>
<b>Skipulag náms</b>	Kennarar/kennarateymi <sup>14</sup> vinna saman að skipulagi náms og kennslu innan og/ eða þvert á árganga. Skipulag náms gerir ráð fyrir aðstæðum til sjálfstæðs náms <sup>15</sup> og samvinnu nemenda í námi. Nemendur fá svigrúm til umræðna og vita að skoðanaskipti eru hluti af námsferli. Hlúð er að sköpunarþörf nemenda. Umsjónarkennari fylgist markvisst með framförum og líðan allra nemenda. Námsumhverfi er hvetjandi til náms og gefur fjölbreytta möguleika. Upplýsingatækni er eðlilegur hluti náms- og kennsluumhverfis. Námsgögn eru fjölbreytt og nemendum aðgengileg.
<b>Visbendingar</b>	
<ol style="list-style-type: none"> <li>1. Kennarar bera sameiginlega ábyrgð á skipulagi náms og kennslu.</li> <li>2. Kennarar vinna saman og nýta teymiskennslu til að skapa fjölbreyttar námsaðstæður.</li> <li>3. Nemendur vinna að hluta til að samþættum og heildstæðum verkefnum.</li> <li>4. Umræður og skoðanaskipti eru markvisst notuð sem hluti af námi og kennslu.</li> <li>5. Séð er til þess að nám og námsaðstæður styðji við sköpunarþörf nemenda.</li> <li>6. Samvinna og samstarf nemenda er markvisst þjálfað og notað í námi og kennslu.</li> <li>7. Umsjónarkennari veitir nemendum og foreldrum reglulega upplýsingar um stöðu náms og framfara.</li> <li>8. Í skólanum sést að nemendur nýta námsumhverfi á fjölbreyttan hátt til sjálfstæðs náms eða samvinnu í námi.</li> <li>9. Grenndarsamfélag skólans er markvisst nýtt í skólastarfi.</li> <li>10. Nemendur hafa góðan aðgang að fjölbreyttum námsgögnum og nýta þau.</li> <li>11. Nemendur nýta upplýsinga- og samskiptatækni við að afla sér þekkingar og leikni.</li> </ol>	

14 Kennarateymi nær yfir kennara sem skipuleggja og ígrunda starf sitt saman en kenna ekki endilega saman í námshóp. Teymiskennsla nær yfir það þegar kennarar vinna einnig skipulega saman í kennsluaðstæðum.

15 Með sjálfstæðu námi og samvinnu í námi er m.a. vísað til Lykilhæfnipáttanna aðalnámskrár (bls. 94). Þar er stefnt að því að nemandi geti sýnt frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum. Haft frumkvæði að, sýnt ábyrgð og tekið nokkuð virkan þátt í samstarfi. Tekið á móti og sett fram skipulagða gagnrýni á ábyrgan og uppbyggilegan hátt og tekið nokkuð virkan þátt í skólasamfélaginu á lýðræðislegan hátt.

<b>Þáttur Nám og kennsla</b>	
<b>Kafli 5</b>	<b>Viðmið</b>
<b>Námsvitund</b>	Nemendur þekkja styrkleika sína í námi og eru áhugasamir og nám þeirra tekur mið af námskrá og áhugasviði þeirra. Þeir fá þjálfun og eru hvattir til að taka frumkvæði og bera ábyrgð á eigin námi og framkomu. Nemendur setja sér markmið um nám sitt og skipulag námsframvindu og fást við fjölbreytt og krefjandi viðfangsefni sem stuðla að virkri þátttöku og rökhugsun. Nemendur og nemendahópar bera vaxandi ábyrgð, eftir aldri, á að velja viðfangsefni, þekkja viðmið, leiðir að markmiðum og námsaðferðir. Nemendur gera sér grein fyrir hver viðmið um árangur eru, læra að meta gæði vinnu sinnar og taka þátt í að meta eigin framfarir.
<b>Visbendingar</b>	
<ol style="list-style-type: none"> <li>1. Nemendur sýna námi sínu áhuga og eru virkir í kennslustundum.</li> <li>2. Nemendum eru ljós markmið og viðmið um árangur sem birt er í námsvísunum.</li> <li>3. Nemendum er kennt að setja sér markmið í námi.</li> <li>4. Nemendur taka þátt í að setja sér markmið í námi.</li> <li>5. Nemendur og foreldrar ef við á eru með í ráðum um einstaklingsbundin námsmarkmið.</li> <li>6. Áhugasvið og margvíslegir hæfileikar nemenda eru sýnilegir í verkefnum nemenda.</li> <li>7. Nemendur fá markvissa þjálfun í fjölbreyttum námsaðferðum.</li> <li>8. Nemendur gera sér grein fyrir og nýta sér mismunandi leiðir til að afla sér þekkingar og leikni í námi.</li> <li>9. Nemendur hafa kost á að velja sér námsaðferðir eftir viðfangsefni eða námsstíl, í stigvaxandi mæli og það er vel sýnilegt á unglingsstigi.</li> <li>10. Nemendur þjálfast í að meta eigið nám, vinnu og námsframvindu.</li> </ol>	

<b>Þáttur Nám og kennsla</b>	
<b>Kafli 6</b>	<b>Viðmið</b>
<b>Ábyrgð og þátttaka</b>	<p>Starfsfólk og nemendur koma vel fram og taka tillit til annarra. Nemendalýðræði<sup>16</sup> er virkt í skólanum, með samvinnu og lýðræðislegum vinnubrögðum í skipulagi náms og skólastarfs.</p> <p>Nemendur vita að markvisst er leitað sjónarmiða þeirra um námsumhverfi, námstillhögun, fyrirkomulag skólastarfs, líðan og félagslegar aðstæður í skólanum. Tekið er tillit til sjónarmiða nemenda og ríkar væntingar gerðar til þeirra allra. Nemendur eru hafðir með í ráðum um ákvarðanir sem snerta þá. Nemendur hafa reglulega tækifæri til að ræða málefni sín með samnemendum. Nemendafélag og nemendafulltrúar í skólaráði eru virkir og upplýsa nemendur um málefni er varða þá. Nemendur gera sér grein fyrir hlutverki sínu við að skapa jákvæðan skólabrag.</p>
<b>Visbendingar</b>	
<ol style="list-style-type: none"> <li>1. Samskipti í skólasamfélaginu eru jákvæð og einkennast af virðingu.</li> <li>2. Samvinna og stuðningur ríkir innan nemendahópsins.</li> <li>3. Nemendur hafa tækifæri til samvinnu um skipulag náms og skólastarfs.</li> <li>4. Til er skráð og opinbert verklag um hvernig sjónarmiða nemenda er aflað.</li> <li>5. Nemendur vita hvaða áhrif þeir geta haft á skipulag, framkvæmd og mat á námi sínu og námsumhverfi.</li> <li>6. Nemendur fá kennslu og þjálfun í að koma sjónarmiðum sínum á framfæri til að hafa áhrif.</li> <li>7. Leitað er sjónarmiða nemenda um nám og fyrirkomulag skólastarfs.</li> <li>8. Leitað er sjónarmiða nemenda um líðan og félagslegar aðstæður í skólanum.</li> <li>9. Sjónarmið nemenda hafa áhrif á nám þeirra, aðbúnað og aðstæður í skólanum.</li> <li>10. Nemendur fá reglulega tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri á fundum í náms- hópum.</li> <li>11. Nemendafulltrúar í skólaráði og á öðrum nefndum á vegum skólans fá til þess þjálfun.</li> <li>12. Séð er til þess að upplýsingar um umræður og ákvarðanir ráða eða nefnda, þar sem kjörnir fulltrúar nemenda sitja, séu öllum nemendum aðgengilegar.</li> </ol>	

16 Hugtakið nemendalýðræði er ekki nefnt í aðalnámskrá. Lýðræði, lýðræðisleg vinnubrögð og samstarf er nefnt víða og einn grunnpáttanna er um lýðræði og mannréttindi. Nemendalýðræði og að raddir nemenda fái rými í skólastarfi er samkvæmt þróun sem á sér stað í menntamálum víða um heim.



## Svið III Innra mat

Þáttur Innra mat	
Kafli 1	Viðmið
<b>Skipulag</b>	Litið er á framkvæmd innra mats og umbætur í kjölfar þess sem mikilvægt og sjálfsgagt. Innra mat er markmiðsbundið og samofið daglegu skólastarfi. Í skólanámskrá er fjallað um helstu leiðir sem skólinn fer við að meta innra starf sitt, bæði árangur þess og gæði. Fyrir liggja áætlanir um innra mat til skemmri og lengri tíma. Val matsþátta byggist á markmiðum skólans, stefnu og viðfangsefnum og er því skiljanlegt hagsmunaaðilum og utanaðkomandi. Skólinn notar innra mat til að meta hvort og að hve miklu leyti markmiðum skólans hefur verið náð. Með innra mati eru einnig metnar leiðir sem farnar eru til að ná markmiðunum. Skilgreind eru viðmið <sup>17</sup> um þann árangur sem stefnt er að og eru þau birt (s.s. í matsáætlun/starfsáætlun/skólanámskrá).
<b>Visbendingar</b>	
<ol style="list-style-type: none"> <li>1. Innra mat er álitid mikilvægt og sjálfsgaður hluti af skólastarfinu.</li> <li>2. Í skólanámskrá er umfjöllum um helstu leiðir sem skólinn fer við að meta sitt innra starf.</li> <li>3. Mat á námi, framförum og árangri nemenda fer fram með einhverjum hætti reglulega.</li> <li>4. Mat á kennslu og fagmennsku kennara fer fram með einhverjum hætti reglulega, s.s. með mati skólastjóra á kennslu, jafningjamati kennara og mati á nýjungum í kennsluháttum.</li> <li>5. Val matsþátta byggir með skýrum hætti á stefnu, markmiðum og helstu viðfangsefnum.</li> <li>6. Markmið stefnu skólans eru metin markvisst og reglubundið með einhverjum hætti.</li> <li>7. Fyrir hvert markmið eru skilgreind viðmið um þann árangur sem stefnt er að.</li> <li>8. Leiðir að markmiðum, s.s. verkefni, aðgerðir, áætlanir og verkferlar, eru hluti af innra matinu.</li> </ol>	

17 Viðmið er sá árangur sem stefnt er að og einhugur er um í skólasamfélaginu að telst góður árangur.

<b>Þáttur Innra mat</b>	
<b>Kafli 2</b>	<b>Viðmið</b>
<b>Framkvæmd</b>	Nám og kennsla er metið reglulega og er hluti af daglegu starfi kennara og stjórnenda. Innra mat byggir á margvíslegum upplýsingum sem og notaðar eru fjölbreyttar aðferðir. Val aðferða ræðst af viðfangsefninu, hópnum sem leitað er upplýsinga hjá og þeim spurningum sem lagt er upp með. Áhersla er á mat á námi og kennslu með ígrundun kennara. Niðurstöður sem aflað er af aðilum utan skólans eru rýndar, ræddar og nýttar með markvissum hætti til umbóta og skólaþróunar á sama hátt og niðurstöður sem aflað er af aðilum innan skólans. Innra mat er samstarfsmiðað og byggir á lýðræðislegum vinnubrögðum. Teymi með fulltrúum starfsfólks, nemenda og foreldra ber ábyrgð á innra mati ásamt skólastjórn. Markvisst hafa verið byggðar upp eigindlegar og megindlegar gagnaöflunaraðferðir og matstæki sem hafa verið aðlöguð að þörfum skólans. Þegar gagna er aflað er leitað eftir sjónarmiðum allra helstu hagsmunaaðila eftir því sem við á. Matsframkvæmdin er endurmetin reglulega og reynslan af matinu ígrunduð og skráð.
<b>Visbendingar</b>	
<ol style="list-style-type: none"> <li>1. Framkvæmd innra mats er á ábyrgð stjórnenda.</li> <li>2. Teymi með fulltrúum allra hagsmunaaðila hefur umsjón með framkvæmd innra mats.</li> <li>3. Skólinn nýtir niðurstöður úr ytra mati (svo sem sveitarfélags og ráðuneytis) í innra mati.</li> <li>4. Skólinn nýtir niðurstöður samræmdra könnunarprófa, kannana og skimana með markvissum hætti í innra mati.</li> <li>5. Hagsmunaaðilar skólastarfsins geta haft áhrif á skipulag og framkvæmd innra mats (t.d. í gegnum fulltrúa í matsteymi eða aðkomu skólaráðs).</li> <li>6. Við öflun gagna er leitað eftir sjónarmiðum þeirra hagsmunaaðila sem hlut eiga að máli.</li> <li>7. Byggðar hafa verið upp gagnaöflunarlíðir er hæfa þörfum skólans.</li> <li>8. Innra mat byggir á fjölbreyttri gagnaöflun, bæði eigindlegra og megindlegra gagna.</li> <li>9. Reglulega eru endurskoðaðar aðferðir og reynsla af innra mati.</li> </ol>	

<b>Þáttur Innra mat</b>	
<b>Kafli 3</b>	<b>Viðmið</b>
<b>Umbætur</b>	Greinargerðir <sup>18</sup> , sem lýsa framkvæmd innra mats, helstu niðurstöðum og áætlunum um umbætur eru öllum aðgengilegar. Í greinargerð um innra mat er fjallað um helstu styrkleika og tækifæri til umbóta og að hve miklu leyti markmið hafa náðst. Fyllsta trúnaðar við þátttakendur er gætt með því að afmá allar persónugreinanlegar upplýsingar úr greinargerðum <sup>19</sup> . Niðurstöður innra og ytra mats eru formlega kynntar hagsmunaaðilum og þeir taka virkan þátt í samræðum um umbætur. Niðurstöður eru markvisst notaðar til umbóta. Umbætur eru skilgreindar og skipulagðar á grunni greiningar og samræðna hagsmunaaðila. Tímasett áætlun um umbætur er gerð og henni er fylgt eftir með skipulögðum hætti. Í áætluninni kemur fram hverjir bera ábyrgð á verkefnum og hvenær og hvernig árangur er metinn. Matsniðurstöður hafa með skýrum hætti áhrif á starfshætti og skólinn getur sýnt fram á umbætur sem eru raktar til innra mats.
<b>Visbendingar</b>	
<ol style="list-style-type: none"> <li>1. Áætlanir skólans um umbætur og þróunarstarf byggja á virku innra mati og öðrum gögnum um árangur skólastarfsins.</li> <li>2. Greinargerð um innra mat er til staðar þar sem koma fram grundvallarupplýsingar um innra matið.</li> <li>3. Í greinargerð um innra mat er fjallað um helstu styrkleika og tækifæri til umbóta.</li> <li>4. Í greinargerð um innra mat er fjallað um að hve miklu leyti markmið skólans hafa náðst.</li> <li>5. Niðurstöður úr innra og ytra mati eru formlega kynntar helstu hagsmunaaðilum.</li> <li>6. Þegar niðurstöður mats liggja fyrir eiga sér stað samræður meðal hagsmunaaðila um þróun og umbætur.</li> <li>7. Umbótaáætlun er í samræmi við niðurstöður og greiningu á styrkleikum og tækifærum til umbóta.</li> <li>8. Í umbótaáætlun eru tilgreindar markvissar aðgerðir þar sem markmið hafa ekki náðst út frá þeim viðmiðum sem sett voru.</li> <li>9. Brugðist er við niðurstöðum sem gefa til kynna að umbóta sé þörf þó að þær snúi ekki beint að þeim markmiðum sem metin voru.</li> <li>10. Áætlanir um umbætur eru bornar undir skólaráð með formlegum hætti.</li> <li>11. Umbótum er kerfisbundið fylgt eftir.</li> <li>12. Skólinn getur sýnt fram á umbætur sem eru raktar til innra mats.</li> </ol>	

18 Góð greinargerð um innra mat lýsir: (1) tengslum við stefnu og markmið skólanámskrár, (2) tilgangi matsins, (3) aðferðum við framkvæmd þess og þátttakendum, (4) viðmiðum, (5) helstu niðurstöðum og (6) greiningu á styrkleikum og tækifærum til umbóta.

19 Þetta nær ekki yfir skólastjóra, sem er forstöðumaður grunnskóla og ber ábyrgð á starfi skólans gagnvart sveitarstjórn. Ang. 10.1)

## Gátlisti – innra mat

	<b>Innra mat</b>	
1.	Langtímaáætlun um innra mat nokkur ár fram í tímann (3-5 ár) liggur fyrir.	
2.	Langtímaáætlun endurspeglar að helstu þættir skólastarfsins eru metnir.	
3.	Áætlun um innra mat fyrir viðkomandi skólaár liggur fyrir.	
4.	Í gögnum um innra mat kemur fram hverjir bera ábyrgð á framkvæmd innra mats (s.s. matsteymi).	
5.	Skólinn gerir grein fyrir hvernig markmið í stefnu skólans eru metin (á líka við um markmið um kennsluhætti).	
6.	Fjölbreyttar aðferðir eru notaðar við að afla gagna.	
7.	Gagna er aflað með aðferðum er hæfa viðfangsefninu og þeim spurningum sem lagt er upp með.	
8.	Nýlegar greinargerðir um innra mat eru aðgengilegar á heimasíðu skólans.	
9.	Eldri greinargerðir um innra mat eru aðgengilegar á heimasíðu skólans.	
10.	Umbótaáætlanir eru birtar á heimasíðu skólans.	
11.	Umbótaáætlun er tímasett og hún skilgreinir ábyrgðaraðila fyrir umbótunum.	
12.	Tilgreint er í umbótaáætlun hvenær á að meta árangur aðgerða.	
13.	Tilgreint er í umbótaáætlun hvernig á að meta árangur aðgerða.	

## Skólaprófill

Prófill skóla sem er grunnur að litaframsetningu skóla lítur svona út:

Stjórnun og fagleg forysta		Nám og kennsla		Innra mat
Samvirkni í stefnumótun	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	Inntak og námskrá	Skipulag náms	Skipulag
Faglegt samstarf og samræða	Starfsmanna-stjórnun og verkaskipting	Árangur náms	Námsvitund	Framkvæmd
Tengsl við foreldra og aðra í skóla-samfélaginu	Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna	Gæði kennslu	Ábyrgð og þátttaka	Umbætur
Umbætur og innleiðing breytinga				

Heildarstig undirkafla	Litur	Lýsing á starfi
3,6 – 4	grænt	Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf. Flestir eða allir þættir sterkir.
2,6 – 3,5	Grænt og gult	Gott verklag, margir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi en möguleikar á umbótum. Fleiri styrkleikar en veikleikar.
1,6 – 2,5	gult	Uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta. Fleiri veikleikar en styrkleikar.
1,0 – 1,5	rautt	Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum. Mikil þörf á umbótum á flestum eða öllum þáttum.

## Heimildir

### Lög og reglugerðir

*Aðalnámskrá grunnskóla: almennur hluti.* (2011). Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

*Aðalnámskrá grunnskóla: greinasvið.* (2013). Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

*Lög um grunnskóla*, nr. 91/2008.

Reglugerð nr. 584/2010 um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum: <http://www.reglugerd.is/interpro/dkm/WebGuard.nsf/key2/584-2010>

Reglugerð nr. 585/2010 um stuðning við nemendur með sérþarfir í grunnskóla: <http://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/allar-rettarheimildir/nr/5540>

Reglugerð nr. 897/2009 um miðlun og meðferð upplýsinga um nemendur í grunnskólum og rétt foreldra til aðgangs að upplýsingum um börn sín: <http://www.reglugerd.is/reglugerdir/allar/nr/897-2009>

Reglugerð nr. 1000/2004 um aðgerðir gegn einelti á vinnustað: [http://www.reglugerd.is/reglugerdir/leit?\\_stern\\_SearchType=Reglugerd&\\_stern\\_number=1000&\\_stern\\_year=2004](http://www.reglugerd.is/reglugerdir/leit?_stern_SearchType=Reglugerd&_stern_number=1000&_stern_year=2004)

Reglugerð nr. 1009/2015 um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum: [http://www.reglugerd.is/reglugerdir/leit?\\_stern\\_SearchType=Reglugerd&\\_stern\\_number=1009&\\_stern\\_year=2015](http://www.reglugerd.is/reglugerdir/leit?_stern_SearchType=Reglugerd&_stern_number=1009&_stern_year=2015)

Reglugerð nr. 1040/2011 um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum: <http://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/Frettatilkynningar/nr/6347>

Reglugerð nr. 1157/2008 um skólaráð við grunnskóla:

<http://www.reglugerd.is/interpro/dkm/WebGuard.nsf/key2/1157-2008>

Reglugerð nr. 658/2009, um mat og eftirlit í grunnskólum og upplýsingaskyldu sveitarstjórna um skólahald <https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?ID=316027a7-695f-42a2-b10c-a6536395b183>

### Aðrar heimildir

Björk Ólafsdóttir. (2011). *Innra mat grunnskóla: leiðbeiningar og viðmið fyrir mat sveitarfélags á innra mati grunnskóla*. Reykjavík: Samband íslenskra sveitarfélaga.

Hrönn Pétursdóttir. (2007). *Sameiginleg framtíðarsýn fyrir grunnskólastarfið 2007-2020*. Reykjavík: Félag grunnskólakennara, Samband íslenskra sveitarfélaga og Skólastjórafélag Íslands.

Sigríður Sigurðardóttir. (2016). *Leiðbeiningar um innra mat grunnskóla*. Reykjavík, Mennta- og menningarmálaráðuneyti.